

Nefndarsvið alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2010

**Efni: Umsögn Einkaleyfastofunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1994, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, með síðari breytingum, mál nr. 532.**

Einkaleyfastofan hefur fengið til umsagnar ofangreint þingmál.

Umrætt frumvarp varðar notkun íslenska fánans á vörum og þjónustu. Mörg álitæfni tengjast slíkri notkun og koma þau með ýmsum hætti inn á starfsvið Einkaleyfastofu sem skráningaraðila vörumerkja hér á landi. Frumvarpið felur annars vegar í sér breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið nr. 34/1994 og hins vegar breytingu á lögum um vörumerki nr. 45/1997. Einkaleyfastofan gerir eftirfarandi athugasemdir í tveimur liðum:

1. Frumvarpið felur í sér þá breytingu á 1. málsl. 4. mgr. 12. gr. núgildandi laga að í stað þess að leyfi þurfi hjá forsætisráðuneytinu til notkunar fánans í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir eða auglýsingu á vöru eða þjónustu er heimildin orðin almenn að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.e. að vara sem á í hlut sé íslensk og að fánanum sé ekki óvirðing gerð.


Í 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 kemur m.a. fram að ekki megi skrá vörumerki ef í því er heimildarlaust ríkistákn. Hefur ákvæðið verið túlkað þannig í framkvæmd að þjóðfánar teljist til ríkistákna. Í ákvæðinu er almennt kveðið á um vernd ýmissa opinberra merkja í samræmi við ákvæði 6. gr. b (bis) Parísarsamþykktar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sem Ísland er aðili að. Samkvæmt þeirri grein skuldbinda aðildarríki samþykktarinnar sig til að synja skráningu á merkjum sem hafa að geyma m.a. skjaldarmerki, fána eða önnur ríkistákn aðildarríkjanna. Ekki ber þó að synja um skráningu vörumerkja sem hafa að geyma einhver slík merki eða tákn, eða geta valdið ruglingi, ef hlutaðeigandi ríki eða stofnun hefur veitt samþykki sitt fyrir því.

Að mati Einkaleyfastofunnar þarf því að skoða nánar þá breytingu sem ofangreint frumvarp felur í sér þar sem lagt er til að ekki sé lengur þörf á samþykki íslenskra yfirvalda fyrir notkun fána í vörumerki, þrátt fyrir ákvæði vörumerkjalaga og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt Parísasamþykkt sem gera ráð fyrir samþykki ríkis til að geta fengið slík merki skráð sem vörumerki. Þessi lagaskil þarf að skýra betur og ljóst þarf að vera hvaða stjórnvald fari með ákvörðunarvald í slíkum málum. Verði ofangreint frumvarp að lögum óbreytt er ekki ljóst hvernig skráningaryfirvöld vörumerkja hér á landi geta framfylgt ofangreindu ákvæði vörumerkjalaga að því er varðar íslenska fánann.

2. Frumvarpið felur jafnframt í sér heimild forsætisráðuneytisins að gera kröfu um að vörumerki verði afmáð úr vörumerkjaskrá ef skilyrði notkunar fána í vörumerki er ekki fyrir hendi. Sú heimild felur í sér breytingar á 9. tölul. 32. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 að því er varðar afmáningu vörumerkja úr vörumerkjaskrá.

Um er að ræða breytingu á ákvæði sem nú þegar heimilar að vörumerki verði afmáð úr vörumerkjaskrá að kröfu forsætisráðuneytisins. Breytingin felur í sé að nú verður vörumerki afmáð að kröfu forsætisráðuneytisins ef merki hefur verið skrásett af misgáningi þar sem þjóðfáninn er notaður og starfsemi sú sem í hlut á er ekki íslensk að uppruna eða fánanum óvirðing gerð.

Að mati Einkaleyfastofunnar mætti tiltaka nánar og skýra til að taka af allan vafa að það sé í höndum forsætisráðuneytisins að sýna fram á að skilyrði afmáningar séu til staðar. Þá má einnig taka til athugunar hvort að aðrir en forsætisráðuneytið gætu gert kröfu um afmáningu á grundvelli ákvæðisins.

Virðingarfyllst  
  
Borghildur Erlingsdóttir, yfirlögfræðingur